

Einfalt borðspil sniðið að þáttakendum (sjá mynd hér fyrir neðan)

Efni:

- Hlið úr pappakassa sniðin í stærð A2
- Litað karton í stærð A2
- Bókaplast
- Byrja og Enda reitir og reitir fyrir þema spilsins
- Skæri og lím
- Teningur og spilakarlar
- Plöstunarfél og plast í hana

Aðferð:

- Líma kartonið á pappann
- Finna myndir á internetinu, setja þær í word í stærð 5x5 cm. og prenta út. Hér var haft sirkusþema og spilið var gert fyrir Filadeild. Fundnar voru 13 myndir af fílum (fílamyndirnar eru prentaðar út í ca. 4 eintökum hver, eitt eintakið er límt á spjaldið, hin sett í plast og í plöstunarfél) og svo 26 aðrar myndir sem tengdust sirkus
- Gera Byrja og Enda reiti í stærð 5x5 cm. og prenta út
- Líma Byrja og Enda reitina á spjaldið og svo hinar myndirnar. Fílamyndunum er dreift jafnt yfir alla leiðina frá Byrja til Enda
- Plasta spjaldið með bókaplasti

Spilið:

- Spilið er fyrir 2-4 spilara
- Markmiðið er að safna fílaspjöldum á leiðinni og það er gert þannig að ef lent er á spjaldi með mynd af fíl er tekið eitt laust fílaspjald og haft hjá sér
- Þegar fyrsti eða allir eru komnir á endareitinn er farið að telja hvað hver spilari safnaði af fílaspjöldum og niðurstöðurnar bornar saman. Hver fékk flest-fæst-jafnmörg?

Ath:

- Ég á eftir að gera svona spil fyrir hinar deildir leikskólans og verður þemað þar fiskar og fiðrildi. Ef deildirnar heita t.d. eftir litum þá eru gerð litaspjöld og ef það er Gula deild þá eru flest spjöldin gul og á þá að safna gulum spjöldum. Svona er hægt að aðlaga spilið að hverri leikskóladeild. Ef þetta er gert fyrir grunnskólabörn er upplagt að hópurnir komi sér saman um þemað sem á að nota í spilinu.

